

91.

**3. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn í Aratungu, Reykholti,
8. apríl 2019 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kjartan Lárusson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Bjarni D. Daníelsson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsóknir um heimtaugar - 1902021

Umsókn um heimtaug að Tunguholti 1, heitt og kalt vatn. Umsækjandi: Þóra Björk Kristjánsdóttir.

Samþykkt að leggja heimtaug fyrir kalt vatn þegar komin er fasteign og fastanúmer á húseignina. Samþykkt er að leggja til efni í heimtaug hitaveitu, innan lóðar, en heitavatnsstofnlögn liggur ekki að lóðinni og verður heimtaug að húsi því sem fyrirhugað er að byggja ekki tengd fyrr en stofnlögn hefur verið lögð.

Umsókn um heimtaug að Brúnum 5, kalt vatn. Umsækjandi: Guðborg Hildur Kolbeins.

Samþykkt að leggja heimtaug fyrir kalt vatn þegar komin er fasteign og fastanúmer á húseignina.

2. Fjölgun stöðugilda hjá Bláskógaveitu - 1904015

Tímabundin ráðning starfsmanns frá 1. apríl til 30. júní.

Farið var yfir tímabundna ráðningu í starf innan veitunnar. Staða til framtíðar verður auglýst á næstu vikum.


3. Samningur um jarðhitaréttindi á Laugarvatni - 1902019


Gerð verður grein fyrir niðurstöðum samningaviðræðna við fjármálaráðuneytið.


Farið var yfir niðurstöður samningaviðræðna varðandi samning við ríkið um nýtingu á jarðhitaréttindum á Laugarvatni. Samningur bíður undirritunar.

Fundi slitið kl. 17:10.





Kjartan Lárusson


Kolbeinn Sveinbjörnsson


Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Bjarni D. Danielsson
